Deiliskipulag 1.áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda, Akureyri - tillaga að breytingu á deiliskipulagi.



Gildandi deiliskipulag 1. áfanga Háland í landi Hlíðarenda, samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 15.03.2011 m.br. 19.11.2013 - mkv. 1:500 í A1



Breyting á deiliskipulagi - mkv. 1:500 í A1

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Í gildi er deiliskipulag fyrir 1. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda, samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarbæjar þann 15.03.2011, m.br. 19.11.2013.

Deiliskipulagsbreyting þessi tekur til lóðarinnar Heimaland 3 í 1. áfanga Hálanda. Innan lóðarinnar eru skilgreindir 5 byggingarreitir, 4 fyrir mótelbyggingar og einn fyrir vélaskemmu. Heildar byggingarmagn samkvæmt gildandi skipulagi er skilgreint allt að 4760 m2.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að:
- Felldur er út byggingarreitur merktur A.
- Byggingarreitur B er aðlagaður og málsetningar breytast óverulega en er að öðru leiti óbreyttur. Hámarks fjöldi gistieininga verði 24.
- Byggingarreitir C og E lengjast og stækka að flatarmáli. Hámarks byggingarmagn á þeim lóðum er aukið úr 1040 m2 í 1400 m2. Hámarks fjöldi gistieininga verði allt á 30 einingar á hvorum reit.
- Byggingarreitur D færist lítillega til norðausturs en er að öðru leiti óbreyttur.
- Heildar byggingarmagn á lóðinni eftir breytingu minnkar úr 4760 m2 í 4440 m2.
- Lóðarmörk til vestur færast til um 10 m vegna bílastæða og til betri hæðar aðlögunar að aðliggjandi landi. Lóðin stækkar þannig úr 14.386 m2 í 15.280 m2.
- Hæðarkvótar eru settar á grunnfleti á öllum byggingarreitum og þeir númeraðir, 3 - 5 - 7 - 9.
- Fullnægjandi bílastæði eru skilgreind til skýringar í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags. Aðkomur inn á lóðina breytast ekki.
- Grenndargámar færast til sem bætir aðkomu að þeim og þannig þjónustu á svæðinu öllu.
- Kvöð um 2 m hverfis göngustíg er með götum er liggja að lóðinni sem greiðir fyrir umferð og bætir öryggi gangandi innan og utan lóðar.

Engar breytingar verða á öðrum skilmálum gildandi skipulags og eldra skipulag að öðru leiti enn í gildi.

Breytingin er óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu í samræmi við 44. gr. laganna.
Breyting þessi fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem breytingin mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Aðliggjandi byggingar og götur samkvæmt síðari deiliskipulögum og staðfest götunöfn eru á breytingaruppdrætti til skýringar.

Deiliskipulagsbreyting hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010 og var samþykkt í skipulagsráði Akureyrar _____ 2022.

_____
Bæjarstjórinn á Akureyri

Samþykkt deiliskipulagbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _ _ _ _ _ _ 2022.



Gildandi Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Skýringar

- Landamörk
- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Bílastæði
- Skipulagssvæði
- Götur og bílastæði
- Göngu- og hjólreiðastígur
- Rafmagnsveita
- Leiksvæði
- Aðkenninúmer lóðar
- Númer byggingareits
- Atmörkun 30 km svæðis

stærð lóðar: hámarkskostnað byggingar | hámarksheild byggingar

Heildarflatarmál eignarlands - 278.000 m2
Heildarflatarmál 1. áfanga, deiliskipulagssvæðið - 47.800 m2
þar af hluti eignalands 38.600 m2

F1: frístundahús
M1: mótelbygging
Þ1: þjónustuhús
V1: vélageymsla

Grunnkort er frá Akureyrarbæ
Meðfylgjandi uppdrætti þessum er greinargerð dags. 08.03.2011 mbr. 11.11.2013.

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAG 1.ÁFANGA HÁLANDA Í LANDI HLÍÐARENDA, AKUREYRI

Kvarði 1:A1 - 1:500 | Hannað: HJ
Dags: 11.03.2020 | Teiknað: HJ
Deiliskipulagsuppdráttur
Teikn.nr. 1 A1

ARCDATA

Ráðhústorg 7, 600 Akureyri / sími: 461-2800 / hallidor@arcdata.org